



Reykjavík 24.04.2020

Minnisblað - Viðbragðshópur GSÍ - Vegna Covid-19

Leiðbeiningar fyrir golfklúbba til að uppfylla auglýsingu um samkomubann sem gilda mun frá og með 4. maí.

Almennt golf:

Golf uppfyllir nánast öll þau skilyrði samkomubanns sem gildir frá 4. maí 2020 og því einungis nauðsyn að áréttu örfáa hluti sem gætu orsakað smithættu. Þrátt fyrir þessa upptalningu þá gilda að sjálfsögðu öll tilmæli sóttvarnalæknis, svo sem reglan um 2 metra á milli kylfinga og ráðleggingar um þrif og sóttþreinsun.

1. Við leik er bannað að taka/snerta stöngina. Útbúa skal svamphólk utan um stöngina svo að boltinn fari ekki nema að hluta til ofan í holuna. Efnið heitir píparaeinangrun og fæst bæði í BYKO og Húsasmiðjunni. Metrinn kostar 263 kr. en 6-6.5 cm fara í hverja holu (sjá mynd). Þeir klúbbar sem þess óska geta fengið hólkana tilsniðna og tilbúna til notkunar hjá GSÍ, sér að kostnaðarlausu.
2. Hrífur skal fjarlægja úr glompum. Leyfa má hreyfingar á bolta í glompum (sjá staðarreglur). Óheimilt er að slétta svæðið áður en bolti er hreyfður. Golfklúbbum er einnig heimilt að merkja glompur sem grund í aðgerð.
3. Mælst er til þess að boltahreinsivélar séu fjarlægðar af golfvellingum.
4. Sambýlisfólk má vera saman í golfbíl. Aðrir verða að vera einir í golfbíl.
5. Golfklúbbar hvetja kylfinga til að skrá skor með rafrænum hætti. Ef skorkort er notað eiga kylfingar ekki að skiptast á þeim.

Undantekningar frá golfreglunum sem taldar eru hér upp að ofan í lið 1 og 2 hafa ekki áhrif á forgjafarútreikning og mun gilda í mótum samkvæmt úrskurði R&A, enda setja golfklúbbar tímabundnar staðarreglur þar að lútandi.

Golfskálar:

Golfklúbbar hafi flestir veitingaleyfi og heyra því undir viðkomandi heilbrigðisyfirvöld til að viðhalda leyfum sínum. Það er því í höndum golfklúbba sjálfra að útfæra það samkomubann sem gildir hverju sinni um starfsemi þeirra í golfskálanum. Þó er mælst til þess að sturtuadstaða og búningsherbergi verði lokað.

Æfingasvæði:

Það er álit hópsins að klúbbar þurfi að vanda sig til að koma í veg fyrir smithættu á æfingasvæðum. Sameiginlega snertifleti skal sóttþreinsa eins og best er kostur.

1. Nauðsynlegt er að sóttþreinsa golfbolta eftir hverja notkun. Við mælumst til þess að boltar séu settir í sóttþreinsilög.
(<https://kemi.is/verslun/landbunadur/sotthreinsiefni-landbunadur/virkon-s-sotthreinsiefni/>)
2. Einnig er nauðsynlegt að hafa við höndina sóttþreinslög til að hreinsa körfur og sameiginlega snertihnappa á boltavélum.
(<https://kemi.is/verslun/landbunadur/sotthreinsiefni-landbunadur/bactan-4-sotthreinsiefni/>)
3. Tveir metrar skulu vera á milli æfingamotta.

Mikilvægt er að virða tilmæli sóttvarnalæknis og landlæknis meðan samkomubannið varir!

